

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. desember 2016

Efni: Umsögn um frumvarp um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2017, 2. mál.

Það eru Samtökum atvinnulífsins gríðarleg vonbrigði að í frumvarpi til laga um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2017 skuli ekki sjá stað samkomulag stjórnvalda og Samtaka atvinnulífsins um lækkun tryggingagjalds í áföngum sem gert var í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum markaði í byrjun þessa árs.

Samkomulagið fól í sér lækkun tryggingagjalds um 0,5% á þessu ári og 0,5% á árinu 2017. Jafnframt var handsalað samkomulag við fjármálaráðherra um að stefnt skyldi að því að almenna tryggingagjaldið færi í fyrra horf, þ.e. í 4,5%, á árinu 2018, enda skapi lækkun vaxtabyrði ríkissjóðs samhliða lækkun skulda ríkisins svigrúm til lækkunar gjaldsins. Það var sameiginlegur skilningur á að lækkun tryggingagjaldsins til fyrra horfs væri fyrirtækjum mikilvægt til að mæta miklum kostnaði við umsamdar launahækkanir og jöfnun lífeyrisréttinda án þess að raska efnahagslegum stöðugleika. Það lá ljóst fyrir að kjarasamningarnir myndu ganga mjög nærri getu fyrirtækja og að mótvægisáðgerðir stjórnvalda væru nauðsynlegar til að kostnaðaraukinn færi ekki að stórum hluta út í verðlag.

Þótt sá mikli kostnaður sem kjarasamningarnir fólu í sér gæti vart talist skynsamlegt framlag til hagstjórnar hér á landi þá er hann lykill á þeirri vegferð að taka upp ný vinnubrögð við gerð kjarasamninga á íslenskum vinnumarkaði í átt að því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Með samningunum tókst að samræma hækkanir launa og lífeyrisframlags á öllum vinnu- markaðinum. Þar með skapaðist friður sem nauðsynlegur er til að ljúka vinnu um mótun nýs kjarasamningalíkans hér á landi.

Fyrirnefndir kjarasamningar gera ráð fyrir 4,5% almennri launahækkun þann 1. maí nk. og 3,0% þann 1. maí 2018. Þá mun framlag launagreiðenda í lífeyrissjóði hækka um 1,5 prósentustig þann 1. júlí nk. og um annað eins 1. júlí 2018. Samkomulag SA við stjórnvöld um lækkun tryggingagjaldsins er því mikilvæg forsenda fyrir efnahagslegum stöðugleika og því að fyrirtækin geti staðið undir ákvæðum kjarasamninganna án þess að til komi fækkun starfa í útflutningsgreinunum eða hækkanir á verðlagi.

SA skora á efnahags- og viðskiptanefnd að efna samkomulag stjórnvalda og SA þannig að lækkun almenna tryggingagjaldsins um 0,5% á árinu 2017 verði hluti af lögum um ýmsar forsendur fjárlagafrumvarps 2017.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Hannes G. Sigurðsson, framkvæmdastjóri